



REGLUR OG LEIÐBEININGAR FYRIR SÝNINGADÓMARA

Gildir frá 2015

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Efnisyfirlit

I. Almennar reglur og leiðbeiningar	2
1. Félagsaðild	2
2. Dómarastarfið	2
3. Boð um að dæma og samningur þar um	2
4. Ábyrgð og framkoma dómara.....	3
5. Óvænt eða erfið tilvik	4
6. Galli sem veldur því að hundur fær 0 einkunn (e. disqualified)	4
7. Skott- og eyrnastífgingar.....	4
8. Fjöldi hunda	4
9. Heiðursdómari	5
II. Leiðbeiningar um dóm	5
1. Almennt um dóma	5
2. Tegundartýpísk einkenni og heildarútlit	6
3. Niðurstaða dóms grundvallast á heilarmati á kostum og göllum.....	6
4. Framkvæmd dóms	6
5. Mat á hreyfingu hunds.....	7
6. Skapgerð	7
7. Mæling á hæð/ brjóstummáli	8
8. Framsetning á hundi í sýningahring.....	8
9. Áunninn galli	9
10. Gæðaeinkunnir	9
11. Ungliða- og unghundaflokkur.....	10
12. Munnleg umsögn	10
III. 0 einkunn (<i>Disqualified</i>) og Ekki hægt að dæma (<i>EHD</i>)	10
1. 0 einkunn (<i>Disqualified</i>)	10
2. Ekki hægt að dæma (<i>EHD</i>)	11
IV. Sérstök tilmæli til dómara um einstök hundakyn (<i>NKU-BSI</i>).....	12
1. Almennt.....	12
2. Notkun	13
V. Heilsufar dómara	13
VI. Dómararáðstefnur	14
VII. Svipting / niðurfelling dómararéttinda og veiting réttinda að nýju	14
VIII. Viðurlög.....	15

I. Almennar reglur og leiðbeiningar

Megintilgangur hundasýninga er að leggja mat á árangur ræktunarstarfs. Þess utan eru hundasýningar samkomu- og keppnisvettvangur áhugafólks um hunda og hundaræktun. Viðurkenndar hundasýningar innan HRFÍ eru skipulagðar í samræmi við sýningareglur og aðrar viðeigandi reglur félagsins.

Hér á eftir eru settar fram reglur og leiðbeiningar ætlaðar sýningadómurum.

1. Félagsaðild

Sýningadómari skal vera virkur félagsmaður í HRFÍ.

2. Dómarastarfið

Starf dómara er í eðli sínu þjónusta sem ekki er veitt í hagnaðarskyni (e. non-profit). Ekki má jafna slíku starfi saman við atvinnustarfsemi. Þjónustan grundvallast á samningi milli skipuleggjanda sýningar og dómara.

Dómari þarf að hafa góða þekkingu á gildandi sýningareglum, ræktunarmarkmiðum og öðrum viðeigandi leiðbeiningum um hundakyn sem hann dæmir á sýningu.

Dómara ber að dæma í samræmi við tilmæli NKU - *Breed Specific Instructions* (NKU-BSI), ásamt því að fylgja eftirfarandi reglum og leiðbeiningum FCI: *Show Judges Code of Commitment to the welfare of pure bred dogs*, *Regulations for Show Judges* og *Basic Statement for Show Judges*. Vakin er athygli á eftirfarandi úr *Code of Commitment*:

- Ætlast er til þess að dómari hyggi sérstaklega að heilbrigði og heilsu þeirra hunda sem hann dæmir í þeim tilgangi að stuðla að ábyrgri ræktun.
- Í því felst að við hefðbundna skoðun skal dómari meta atriði er varða heilsu og heilbrigði hundanna og hafa í huga framtíðarræktun hundakynsins, en ekki einungis heilbrigði einstakra hunda.

Dómari skal vera mættur á sýningasvæði minnst 30 mínútum áður en dómur á að hefjast. Dómari hefur yfirumsjón með undirbúningi starfsfólks í dómhring og skal sjá til þess að dómur geti hafist á tilsettum tíma. Dómaramerki/nafnspjald sem úthlutað er af sýningahaldara eða hringstjóra skal borið á sýnilegan hátt.

3. Boð um að dæma og samningur þar um

Þegar dómari fær boð um að dæma á sýningu, skal hann með skriflegum hætti, eins fljótt og auðið er, samþykkja eða hafna boðinu.

Æskilegt er að í boðinu komi fram hvaða hundakyn dómari á að dæma. Dómari getur einungis samþykkt boð um að dæma hundakyn sem hann hefur réttindi til að dæma.

Nota skal samningsform FCI (*Assignment Confirmation between a FCI show judge and FCI show organizer*) eða sambærilegt form hundaræktarféлага. Samningurinn verður ekki skuldbindandi fyrr en báðir aðilar hafa undirritað hann.

Dómari má ekki samþykkja boð ef hann hefur ástæðu til að ætla að hann geti ekki staðið við skuldbindinguna (t.d. vegna heilsufarsástæðna.)

Ekki dæma sama hundakyn of oft.

Það er mikilvægt að dómari dæmi sama hundakyn ekki of oft innan sama ræktunarsvæðis. Í þessu samhengi er litið á Ísland sem eitt ræktunarsvæði. Þetta er að jafnaði tekið fram í samningi sýningahaldara og dómara.

Afbókun.

Dómari má ekki afbóka samþykkt boð nema í algjörum undantekningartilvikum og þá einungis þegar veigamiklar ástæður búa að baki forföllum. Þurfi dómari að afbóka sig, skal hann gera það svo fljótt sem auðið er og gera grein fyrir ástæðu forfalla. Dómari sem samþykkt hefur boð um að dæma og afbókar án gilda ástæðna eða mætir of seint í dómhring, getur átt yfir höfði sér viðurlög. Sömuleiðis getur skipuleggjandi sýningar ekki afbókað dómara án veigamikilla ástæðna.

4. Ábyrgð og framkoma dómara.

Dómari er fulltrúi HRFÍ og skal framkoma hans vera til fyrirmyndar. Dómari skal skoða og dæma hunda á trúverðugan og viðurkenndan máta og stuðla að því að jákvætt andrúmsloft ríki í dómhring.

Dómari er ábyrgur fyrir öllu starfi í dómhring. Í því felst að dómari ber ábyrgð á framkvæmd dóms og að aðrir starfsmenn í hring sinni verkefnum sínum á réttan hátt. Áður en dómur hefst, skal dómari gefa hringstjóra fyrirmæli um framkvæmd dóms. Að meginreglu skal dæma einstök hundakyn og flokka í þeirri röð sem fram kemur í sýningaskrá. Sýningahaldari sem óskar eftir að breyta röð á dómi, skal bera þá ósk upp við hringstjóra. Það er dómarans að samþykkja slíka breytingu. Öllum breytingum skal komið á framfæri við sýnendur.

Dómara ber eftir bestu getu að fylgja tímasetningum sem sýningahaldari gefur upp og skal ekki, án sérstakrar ástæðu, hætta eða gera hlé á dómi. Dómari má ekki hraða dómi á þann hátt að það bitni á gæðum dóms.

Dómari má ekki fylgjast með dómi á hundakyni sem hann kemur til með að dæma síðar í sömu sýningaröð (tvöföld eða þreföld sýning sömu helgi); hann má heldur ekki þiggja far eða gistingu hjá aðila sem sýnir undir honum á viðkomandi sýningu.

Dómari má ekki, fyrir eða við dóm, ræða hundana við aðra en dómaranema. Eðlilegt er að hann heilsa sýnanda og eigi við hann orðaskipti, en hann skal forðast að afla upplýsinga um hundinn eða tjá sig um hann við sýnanda í dómi. Samskipti sem dómari á við starfsfólk í hringnum og er ekki hluti af skriflegri umsögn, er trúnaðarmál. Dómur skal endurspegla mat dómara á gæðum hundsins á því augnabliki sem hundurinn er sýndur.

Sýningaskrá

Dómari má ekki undir neinum kringumstæðum kynna sér efni sýningaskrár fyrir eða á meðan á dómi stendur. Dómari fær afhenta sýningaskrá að dómi loknum. Það er á ábyrgð hringstjóra að í hana séu skráðar einkunnir, verðlaun og sætaröðun hundanna, nema úrslit séu birt rafrænt.

Klæðaburður

Dómari skal vera snyrtilegur til fara og klæðnaður henta til starfans. Dómari má ekki klæðast fötum með upplýsingum og/eða auglýsingum um ræktun eða hundavörur.

Reykingar og áfengi

Áfengis- og reykingabann í dómhring gildir jafnt um dómara, starfsmenn í dómhring og sýnendur.

Hreinlæti

Dómari skal hafa hreinlæti og smithættu í huga og mælt er með sótthreinsun á höndum eftir skoðun á biti hunds.

Niðurstöðublöð

Það er á ábyrgð hringstjóra að færa einkunnir og verðlaun rétt á þar til gerð niðurstöðublöð áður en þau eru undirrituð og afhent sýningahaldara.

Umsagnir til sýningahaldara

Sýningahaldarar geta óskað eftir því að dómari gefi skriflega umsögn sem ætluð er til birtingar í félagsblaði eða á heimasíðu viðkomandi deildar eða HRFÍ. Dómari skal gæta virðingar í slíkum umsögnum og skulu þær vera almennt orðaðar.

Samskiptamiðlar

Dómari má ekki setja fram stöðuuppfærslur á samskiptamiðlum eða “blogga” um dóma á einstökum hundum.

5. Óvænt eða erfið tilvik

Komi upp óvæntar aðstæður í dómhring eða ástand sem ekki liggur ljóst fyrir hvernig bregðast skuli við, skal dómari kalla til sýningastjórn.

Áhrif á dóm

Reyni sýnandi að hafa áhrif á dóm, til dæmis með samræðum við dómara, með því að veita upplýsingar um fyrri árangur hunds eða álíka, getur dómari stöðvað dóm hundsins með umsögninni *Ekki hægt að dæma* (EHD) (ath. ekki 0 einkunn). Ástæða EHD skal tilkynnt sýningastjórn og eins skal hennar getið í umsögn.

Álitamál

Þegar upp koma tilvik sem dómari telur vera álitamál, til dæmis við mælingu á hæð eða brjóstummáli hunds, eða vafi leikur á um tilvist galla á borð við hlykk á skotti hunds eða á biti, má dómari kalla til annan sýningadómara sem er við störf á sömu sýningu, eða dýralækni sýningar, til að staðfesta mat sitt. Niðurstaðan skal rituð í umsögn hunds (t.d. „hæð hundsins á herðakamb staðfest af dómara A – 52 cm“).

6. Galli sem veldur því að hundur fær 0 einkunn (e. disqualified)

Dómara ber að horfa sérstaklega til atriða sem ræktunarmarkmið hundakyns skilgreinir sem stórfelldan galla er varði 0 einkunn (e. disqualified). Í þessu samhengi ber dómara ætíð að gæta þess að rakki hafi tvö eðlileg og rétt staðsett eistu. Dómari skal geta ástæðu þess að hundur fær 0 einkunn, í skriflegri umsögn.

7. Skott- og eyrnastífinger

Enda þótt almennt bann ríki við því hjá HRFÍ að skott- og eyrnastífa hunda, þá geta sýningareglur gert ráð fyrir undantekningum. Í þeim tilvikum að reglur leyfa sýningu skott- og/eða eyrnastífðs hunds, á hann rétt til fullrar þátttöku. Mælst er til þess að í slíkum tilvikum taki dómari fram í skriflegri umsögn að hundur sé skott- og/eða eyrnastíffður.

8. Fjöldi hunda

Almennt er við það miðað að dómari dæmi ekki fleiri en 70 hunda á dag á sýningu. Fjöldinn getur þó farið upp í 80 hunda. Hvolpar teljast með en ekki hundar í ræktunar- og afkvæmahópum.

Komi upp aðstæður þar sem óhjákvæmilegt er að fjöldi hunda fari yfir þessi viðmið, skal tryggt að það bitni ekki á gæðum ræktunardóms og að dómari fái hæfilegan tíma til að skoða hvern hund. Sýningahaldari skal gera dómara viðvart þegar ljóst er að fjöldi hunda fer yfir viðmið.

Ef dómari er með dómaraþema eða dómaraefni í hringnum, má fjöldi hunda ekki fara yfir 80. Dómari má að hámarki hafa tvo dómaraþema eða einn nema og eitt dómaraefni.

9. Heiðursdómari

Dómari sem hættir störfum sem sýningadómari, getur óskað eftir því að verða heiðursdómari hjá HRFÍ. Heiðursdómara hafa aðgang að upplýsingum, dómaraáðstefnum og viðlíka atburðum með sama hætti og aðrir dómara félagsins og taka gjarnan að sér handleiðslu og verkefni þar sem sérþekking þeirra og reynsla nýtist, eins og t.d. að dæma í úrslitum sýningar.

HRFÍ getur að eigin frumkvæði boðið dómara að gerast heiðursdómari.

II. Leiðbeiningar um dóm

1. Almennt um dóma

Verkefni dómara á sýningu er að gæðadæma þá hunda og hópa sem taka þátt og að raða þeim í sæti sem komast áfram í keppni. Dómari gefur skriflega umsögn um gæði hvers hunds og þau atriði sem ráða einkunnargjöf.

Í dómi er lagt mat á sjáanlega kosti og galla hunds í samræmi við ræktunarmarkmið og skapgerðareiginleika hundakynsins. Dómari skal dæma hund út frá ástandi hans og hegðun á sýningunni.

Meginmarkmið dóms er að þjóna hundakyninu með því að leggja mat á árangur ræktunar út frá gæðum þeirra hunda sem taka þátt í sýningunni. Dómari veitir þannig viðurkenningu þeim hundum sem eru dæmigerðir fyrir kynið, útlitslega framúrskarandi ásamt því að hafa dæmigerða skapgerð, allt eftir því sem mögulegt er að leggja mat á við venjulega skoðun hundsins. Það leiðir af framansögðu að dómari skal einnig vekja athygli á þeim göllum sem eru afleiðingar lélegrar ræktunar og neikvæðrar þróunar ræktunarstarfs.

Sýningadómari má ekki láta vitneskju sína um ættir hunds eða hvernig hann hefur reynst til ræktunar, eða getgátur þar um, hafa áhrif á dóm. Dómari ætti ekki að tjá skoðun sína um hugsanlegt virði hunds fyrir framtíðarræktun.

Dómur skal framkvæmdur á samræmdan, viðurkenndan og viðeigandi hátt.

Ávallt skal huga að eftirfarandi atriðum:

- Mati á heildarútliti
- Byggingarlegu mati, bæði í heild og á einstökum atriðum
- Mati á hreyfingum
- Mati á skapgerð hundsins út frá því hvernig er að nálgast hann

Dómur skal fara fram með skipulegum hætti og framkvæmdur á samræmdan hátt fyrir hvern hund í gæðadómi og keppni. Þetta einfaldar verkefni dómara og auðveldar þátttakendum og

áhorfendum að fylgjast með. Dómari má ekki, án samþykkis sýnenda, kalla inn í hring og dæma saman hunda sem skráðir eru í ólíka flokka.

2. Tegundartýpísk einkenni og heildarútlit.

Mat á tegundargerð og heildarútliti hvers hunds á að vera meginþáttur dóms. Þar á eftir kemur sértækari dómur, ss. um einstaka líkamshluta hundsins. Ein leið við að setja fram dóm um tegundargerð og heildarútlit er að byrja skriflega umsögn á lýsingu eins og: “Frammúrskarandi tegundargerð” (e: *excellent type*), eða “Viðunandi tegundargerð” (e: *sufficient type*).

Einkunn í gæðadómi hunds þarf ekki að fara saman við lýsingarorð á tegundareinkennum og heildarútliti.

3. Niðurstaða dóms grundvallast á heilarmati á kostum og göllum

Í dómi skal veita saman kosti og galla hundsins.

Dómari skal fyrst og fremst veita athygli kostum hunds út frá ræktunarmarkmiði hans. Dómur á ekki að felast í leit að göllum og upptalningu á þeim. Hundur sem ekki hefur sjáanlega galla, þarf þó ekki að vera gott eintak. Hann getur verið “gallalaus” en þrátt fyrir það skort áskilda kosti og þannig verið ódæmigerður fyrir hundakynið (ótýpískur). Hafa skal að leiðarljósi að „*hvert frávík frá ræktunarmarkmiði er galli sem skal metinn til samræmis við alvarleika hans*” og kostir eru vegnir saman við galla hundsins.

Dómur byggir á þekkingu dómara á hundakyni og hvernig hann kýs að nota þá þekkingu til að veita saman kosti og galla hunds. Einu undantekningarnar frá þessu eru þegar ræktunarmarkmið hundakyns setur skýrt fram að ákveðinn galli sé útilokandi (*disqualifying*) og varði 0 einkunn, eða þegar ræktunarmarkmið kveður á um að galli skuli leiða til lækkunar á gæðaeinkunn. Dómari skal upplýsa um slíka galla í umsögn. Það er því tæknilega rangt að veita hundi með útilokandi galla aðra einkunn en 0, jafnvel þótt hann sé að öðru leyti framúrskarandi.

Í ræktunarmarkmiðum er oft að finna upptalningu á göllum og flokkun þeirra eftir alvarleika, til dæmis: galli, alvarlegur galli og útilokandi (*disqualifying*) galli.

Athugið, að leiðbeiningar og samantektir ræktunardeilda um hundakynið þar sem fjallað er um galla og áhrif þeirra á einkunnargjöf, eru eingöngu ráðgefandi.

Ef ákveðin fyrirmæli um dóm og einkunnargjöf finnast ekki í ræktunarmarkmiði, gildir grundvallarreglan að dómari hefur frjálst mat um að veita saman kostir og galla hundsins. Dómari sem lækkar einkunn sjálfkrafa vegna ákveðinna galla, leggur ekki áherslu á kosti hundsins og hætta verður á að sá hundur vinni sem fæsta galla hefur, burtséð frá því hvort hann hafi mikilvæg tegundarbundin einkenni og gott heildarútlit.

4. Framkvæmd dóms

Það er mikilvægt að dómari skoði hund á viðurkenndan, áreiðanlegan og sannfærandi hátt. Það sem dómari sér skal staðreynt og fullskoðað með handfjötlan. Dómari skal gæta þess að meðhöndla hund ekki á annan hátt en ætla má að hann megi venjast í daglegu lífi.

Sumir dómamar láta sýnendur sýna bit hundsins á meðan aðrir kjósa að skoða bit hundsins sjálfir og láta með því reyna á skapgerð hundsins.

Mat á einstökum þáttum

Skoðun á einstökum þáttum ætti að fara fram á vandaðan hátt og alla hunda skal skoða á sama hátt og af virðingu, óháð gæðum þeirra. Skrifleg umsögn um hund skal sett fram á rökstuddan hátt og af virðingu.

Mælt er með eftirfarandi skipulagi við dóm:

- Dómari byrjar á því að skoða alla hunda í flokki saman í dómhring, bæði standandi og á hreyfingu. Hér fær dómari fyrstu upplifun á heildarútliti einstakra hunda.
- Því næst skoðar dómari hvern hund fyrir sig og les umsögn sína fyrir ritara eða skrifar hana sjálfur.
- Í skriflegri umsögn er greint frá niðurstöðum skoðunar í sömu röð og hún er framkvæmd, til dæmis: heildarútlit, höfuð, háls, bak, brjóstkassi, fætur, vinklar, hreyfingar, feldgerð, skapperð ofl.
- Í skriflegri umsögn gerir dómari einnig aðrar athugasemdir sem hann kýs að koma á framfæri, til dæmis um samspil kosta og galla, ásamt því að greina frá, ef við á, ástæðum 0 einkunnar eða EHD (*Ekki hægt að dæma*).

Markmiðið er að skýr og kurteislega framsett umsögn réttlæti þá gæðaeinkunn sem dómari gefur hundi. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar hundur fær lægri einkunn en heildarútlit gefur tilefni til (ss. þegar hundur af frammúrskarandi tegundargerð fær einkunnina good).

5. Mat á hreyfingu hunds

Hreyfingar hunds skulu hafa mikið vægi í dómi. Skoðun hunds er aldrei lokið án ítarlegs mats á hreyfingum. Hreyfingar eru ekki sjálfstæður útlitslegur þáttur, heldur tengjast þær almennri byggingu og ástandi hundsins. Mat á hreyfingu er þannig stór þáttur í að staðfesta byggingardóm. Framkvæmdin skal þó ekki fara út í öfgar eða verða að þrekprófi fyrir hund eða sýnanda.

Gæta skal að **almennu heilbrigði** í hreyfingum og að þær séu **dæmigerðar fyrir hundakynið**.

Hreyfingar hunds skulu að jafnaði skoðaðar frá hlið, að framan og að aftanverðu. Dómari skal gæta að því að hreyfingar, sérstaklega tegundartýpískar hreyfingar, sjást best frá hlið, á meðan skoðun á fram- og afturfótahreyfingum margra hundakynja er fremur hluti byggingardóms.

Dómari skal nota sömu aðferð til að meta hreyfingar allra hunda í dómi og leiðbeina sýnanda hunds um framkvæmdina.

6. Skapperð

Í dómi skal áhersla lögð á að meta skapperð út frá því **hvernig er að nálgast hundinn**. Merki um hræðslu eða árásargirni getur verið óásættanleg hegðun. Það liggur þó í hlutarins eðli að mat á skapperð getur ekki verið hávísindaleg á hundasýningu. Í ræktunarmarkmiði sumra hundakynja er tilgreint að þau séu "fálát gagnvart ókunnugum" eða álíka, en jafnvel slíka hunda þarf að vera hægt að nálgast og meðhöndla þannig að dómari geti skoðað og byggingadæmt þá; í framkvæmd oft með viðeigandi aðstoð sýnanda. Athugið, að hundur getur að upplagi haft ódæmigerða skapperð (sem er þá galli) en þrátt fyrir það er auðvelt að nálgast hann og skoða (til dæmis áhugalaus og silalegur Fox Terrier).

Hundi, sem svo erfitt er að nálgast og skoða að ómögulegt er að dæma hann, skal gefa einkunnina 0 óháð öðrum kostum. Ástæðuna skal tilgreina í skriflegri umsögn hundsins.

Ef hundur sýnir slæma hegðun (ss. glefsar) eftir gæðadóm, t.d. þegar keppt er um sæti í flokki eða tegund, skal dómari ógilda einkunn sem hann hefur áður gefið honum í gæðadómi og gefa honum 0. Rökstyðja skal og undirrita breytinguna í umsögn og á einkunnarblaði.

Ef hundur sýnir skapgerðarbresti í úrslitum tegundarhóps eða í úrslitum um besta hund sýningar (BIS), á dómari að vísa hundi úr keppni en ekki ógilda einkunn eða verðlaun sem hundur hlaut áður í dómi í tegund.

7. Mæling á hæð/ brjóstummáli

Má fara fram við dóm á öllum hundakynjum að vali dómarans.

Ætti að fara fram í hundakynjum þar sem ræktunarmarkmið mælir fyrir um ákveðna hámarks- eða lágmarksstærð, og dómari er ekki viss í sinni sök.

Skal fara fram í ákveðnum hundakynjum í samræmi við óskir deilda, sýningastjórnar, fyrirmæli sýningareglna og annarra viðeigandi reglna. Dómari skal þekkja slíkar kröfur.

Þar sem vafi leikur á hæð eða brjóstumfangi hunds, ber dómara skylda til að mæla. Mælingin getur farið fram utan hrings, en skyldi einungis framkvæmd af sýningadómara. Hin endanlega ábyrgð á því að mæling, sem haft getur áhrif á dóm hunds, sé framkvæmd á viðunandi hátt, hvílir á starfandi dómara í viðkomandi hring. Sjá einnig sérákvæði um nokkur hundakyn í sýningareglum varðandi endanlega mælingu í rétta tegund.

Þar sem erfitt getur reynst að mæla hund nákvæmlega og þar sem mæling yfir eða undir tilgreindum mörkum felur í sér 0 einkunn á sýningu, mælir stjórn HRFÍ með eftirfarandi framkvæmd:

1. Þar sem hundur mælist minna en 1 cm yfir hámarkshæð, skal líta svo á að hann sé ekki of stór (dæmi: hámarkshæð er 60 cm, hundurinn mælist 60,9 cm. Hér skal litið svo á að hæð hundsins sé 60 cm).
2. Þar sem hundur mælist minna en 1 cm undir lágmarkshæð, skal líta svo á að hann sé ekki of lítill (dæmi: lágmarkshæð er 50 cm, hundur mælist 49,1 cm. Hér skal litið svo á að hæð hundsins sé 50 cm).

8. Framsetning á hundi í sýningahring

Það getur vissulega haft áhrif á mat á heildarmynd hunds, hvernig hann er snyrtur og sýndur í hringnum. Vel snyrtur og sýndur hundur verður að teljast almennt líklegri til árangurs á hundasýningum. Þar er alls ekki átt við yfirdrifna sýningu eða snyrtingu hunds þar sem öll meðöl eru notuð – slík framsetning skal átalín. Að sama skapi skal átélja ranga snyrtingu, skítuga hunda eða sýningu sem kemur í veg fyrir að kostir hunds njóti sín. Álit dómara hvað þetta varðar, skal koma fram í skriflegri umsögn og, ef ástæða þykir til, einkunnargjöf. Framsetning hunds getur verið svo yfirdrifin eða dapurleg, að ástæða er til að gefa EHD (*Ekki hægt að dæma*).

Senda má hund út úr hring sem hegðar sér þannig að hann truflar aðra keppendur. Dómari gefur hundi þá EHD og skráir ástæðu í umsögn, nema hegðunin réttlæti 0 einkunn.

Sýnandi sem truflar starf í hring eða hegðar sér á óviðeigandi hátt, skal áminntur af dómara. Ef sýnandi lætur ekki segjast, skal vísa honum og hundi hans úr hringnum. Gerist þetta á meðan á gæðadómi stendur, skal gefa viðkomandi hundi EHD. Gerist þetta eftir gæðadóm, skal hundurinn halda þeirri niðurstöðu sem hann er kominn með, en ákvörðun dómarans skráð í umsögn og á niðurstöðublað hringstjóra (t.d. “hundinum vísað frá keppni í flokknum vegna óafsakanlegrar hegðunar sýnanda”).

Dómari skal einnig athuga að aðili utan hrings má ekki reyna að hafa áhrif á sýningu hunds í hring. Sjái dómari svokallaða tvíhöndlun (e. *doublehandling*), skal hann áminna viðkomendur og láti þeir ekki segjast, fylgja leiðbeiningum reglnanna um sýnendur sem trufla störf í hring.

9. Áunninn galli

Augljóslega áunninn galli/skaði á ekki að hafa áhrif á dóm nema gallinn sé þess eðlis að hann útiloki eða geri dómara erfiðara fyrir að meta til dæmis hreyfingar, eða hefur áhrif á heildarútlit hundsins.

Áunninn galli ætti því að hafa meiri áhrif á keppni um sæti en í gæðadómi.

Sýnandi sem óskar eftir því að dómari sé upplýstur um áunninn galla, á rétt á að afhenda hringstjóra vottorð dýralæknis sem staðfestir með hvaða hætti hann kom til. Það er dómari sem ákvarðar endanlega hvort gallinn hafi áhrif á dóm hunds.

10. Gæðaeinkunnir

Ekki er hægt að skilgreina nákvæmlega þær kröfur sem uppfylla þarf til að hljóta gæðaeinkunnir og viðurkenningar. Eftirfarandi lýsingu er ætlað að veita dómara og sýnanda almenna leiðsögn um inntak einkunna.

Meistaraefni (Ck)

Veita má meistaraefni þeim hundum sem eru framúrskarandi að gæðum, teljast að öllu leyti dæmigerðir að gerð og rétt byggðir með tilliti til ræktunarmarkmiðs og með lítilvæga ágalla. Athugið, að meistaraefni er hluti af gæðaeinkunn en ekki verðlaun í keppnisdómi. Réttast væri að ákveða hvort hundur fær meistaraefni strax við gæðadóm. Í framkvæmd er meistaraefni þó yfirleitt veitt á sama tíma og sætaröðun í hverjum flokki, til að auka skemmtanagildi sýningar.

Alþjóðlegt meistarastig (CACIB)

Hundur sem fengið hefur meistaraefni (Ck) og er af yfirburðagæðum þannig að hann verðskuldi að verða alþjóðlegur meistari.

Excellent

Hundurinn er sérlega dæmigerður fyrir hundakynið, sýndur í frábæru líkamlegu formi og í góðu andlegu jafnvægi; stórglæsilegur og af mjög háum heildargæðum. Kostir hans sem fulltrúa hundakynsins eru svo augljósir að óverulegir útlitsgallar draga hann ekki niður. Tilhlýðlegur munur er á tík / rakka.

Very Good

Hundurinn er mjög dæmigerður fyrir hundakynið og bygging hans er í góðu jafnvægi. Líkamlegt form er gott. Minniháttar gallar eru þolanlegir, enda kemur enginn þeirra niður á heildarútliti hundsins. Þessa einkunn má einungis veita hundi sem býr yfir háum gæðum.

Good

Hundurinn er dæmigerður fyrir hundakynið og sýnilegir gallar hans eru ekki alvarlegir.

Sufficient

Hundurinn er dæmigerður fyrir hundakynið en skortir þó einhverja áskilda eiginleika eða er í lélegu líkamlegu formi.

0 einkunn (Disqualified)

Skal gefin hundi sem er ekki dæmigerður fyrir hundakynið, er með galla sem varðar 0. einkunn samkvæmt ræktunarmarkmiði, gerð og bygging hans kemur niður á heilsu eða almennu heilbrigði,

er ekki með eðlileg eistu eða er með óásættanlega skapgerð. Sjá einnig sýningarreglur HRFÍ og kaflann um “0 einkunn (*Disqualified*) og Ekki hægt að dæma (*EHD*)”.

Athugið að hundur sem er skráður í hvolpaflokk þar sem einungis er keppt um sæti, getur fengið 0 einkunn.

Sjá ennfremur leiðbeiningar í sýningarreglum varðandi skilgreiningar og skiptingar í flokka, rétt til meistarastigs, alþjóðlegs stigs og fleira.

Ekki hægt að dæma

Sjá kafla III: “0 einkunn og Ekki hægt að dæma”.

11. Ungliða- og unghundaflokkur

Dómara ber í þessum flokkum að taka tillit til þess að ekki er með sanngirni hægt að ætlast til þess að allir líkamsþættir séu fullproskaðir hjá svo ungum hundum. Gallar sem ólíklega lagast með aldri, til dæmis rangur litur (colour marking), skulu þó metnir á sama hátt og hjá eldri hundum. Meistaraefni skal þó einungis gefið ungliða eða unghundi sem uppfyllir kröfur ræktunarmarkmiðs, án sérstaks tillits til þess að hundurinn er ekki fullproskaður.

12. Munnleg umsögn

Dómari er hvattur til að framkvæma dóminn á eins leiðbeinandi og fræðandi hátt og unnt er og þegar kringumstæður leyfa, vera með svokallaðan “opinn dóm” bæði við gæðadóm og keppisdóm. Á sérsýningum er munnleg umsögn og opinn dómur sjálfsgðari og eftirsóknarverðari en á öðrum sýningum. Dómari rökstyður þá dóminn með stuttri munnlegri umsögn og segir sýnendum og áhorfendum hvers vegna hundarnir fá tilgreindar einkunnir og sætaröðun.

Rétt uppbyggð munnleg umsögn eykur traust á dómara, bætir samband milli sýnanda og dómara og getur eytt misskilningi og óánægju. Dómari skal forðast að gera að gamni sínu um hund og sýnanda í opnum dómi.

Hljóti hundur *Ekki hægt að dæma* eða *0 einkunn*, á dómari alltaf að gefa munnlega skýringu til sýnanda og stuttlega rökstyðja dóminn á hlutlægan og hlutlausan hátt. Dómari á ekki að rökræða ákvörðun sína, en getur, ef þess er krafist, upplýst sýnanda um rétt hans til að mótmæla dómnum.

III. 0 einkunn (*Disqualified*) og Ekki hægt að dæma (*EHD*)

Mjög mikilvægt er að dómari sé vel að sér og þekki muninn milli 0 einkunnar og Ekki hægt að dæma og hafi vitneskju um hvenær beita á þessum niðurstöðum og hvernig það skal gert.

1. 0 einkunn (*Disqualified*)

0 einkunn skal gefin:

- a) hundi sem er ódæmigerður eða er með galla sem er óásættanlegur (*e. disqualifying*) samkvæmt staðli hundakynsins.
- b) ef gerð eða bygging hunds kemur niður á heilsu hans eða almennu heilbrigði, sérstaklega ef tillit er tekið til uppruna, hlutverks og markmiðs hundakynsins.
- c) rakka sem ekki er með tvö eðlileg og rétt staðsett eistu.
- d) hundi sem sýnir árásargirni eða flóttahæðun í hringnum, þ.e. víkur sér undan dómara í geðshræringu/hræðslu og það er engin leið að nálgast hann á venjulegan hátt.

Önnur frávik í skapgerð skulu dæmd til samræmis við kröfur í ræktunarmarkmiði hundakynsins.

Ábending:

Ástæðu 0 einkunnar **skal ætíð** getið í skriflegri umsögn og á niðurstöðublaði. Fáir hundur 0 einkunn vegna ástæðna sem tilgreindar eru í d-lið hér á undan – vegna árásargirni eða hræðslu – skal dómari ávallt og skýrlega undirrita niðurstöðuna á niðurstöðublaði.

0 einkunn er þungbær og þýðingarmikil einkunn án tillits til ástæðu. Sé 0 einkunn gefin án þess að dómari skýri ástæðuna réttilega, gæti dómur verið ógiltur, mótmæli sýnandi einkunnargjöfni. Aðstaðan er þá sambærileg við að dómari geri tæknileg mistök við dóm.

Vegna 0 einkunnar sem gefin er vegna þess að gerð eða bygging kemur niður á heilsu hunds eða almennu heilbrigði, þá má nefna að ýmsir útlitslegir þættir og ásigkomulag er afleiðing ræktunar og verðlaununar á sýningum sem hefur þróast á ýktan hátt þannig að dæmigerð einkenni og útlisleg atriði hafa farið fram úr hófi og haft slæmar afleiðingar á heilsu og almennt heilbrigði hunds.

Í öllum ræktunarmarkmiðum FCI kemur nú fram eftirfarandi málsgrein undir yfirsögninni "Gallar":

„Öll frávik frá ræktunarmarkmiði eru gallar sem skulu dæmdir í réttu hlutfalli við fráviknið og áhrif þess á heilsu og heilbrigði hundsins.“

Sérstaklega skal gæta að:

- Afbrigðum í öndunarfærum, munnholi og augum hjá tegundum með stutt trýni.
- Afbrigðum í brjósthóli og öndunarfærum og ýkjum í stuttfættum tegundum og kröftugum tegundum (e. *mastiff*).
- Afbrigðum í líkamshlutföllum og ýkjum hjá meðalstórum og stórum þéttbyggðum (e. *compact*) tegundum.
- Öfgakenndu magn af lausri húð.
- Hundum með ýkt feldmagn (e. *overcoated*).

Sjá einnig tilmæli NKU - *Breed Specific Instructions* (NKU-BSI) um tegundir sem þarfnast sérstakrar athygli varðandi heilsufar.

Vígtennur sem fara í efri góm

Stjórn HRFÍ hefur í samræmi við *FCI Basic statement for Show Judges* ákveðið að gefa eftirfarandi leiðbeinandi tilmæli til dómara:

Bit og tennur eiga að fara eftir ræktunarmarkmiði hvernar tegundar. Fari vígtennur upp í efri góm, það er að segja innan tanngarðs, leiði það til 0 einkunnar. Vígtennur sem liggja of þétt að tannholdinu geta leitt til lækkunar á einkunn hunds, þó ekki til 0. einkunnar.

Sýningadómari veitir ofansögðu athygli, það er að segja **muninum** á milli

- þess sem telst líffærafræðilegur galli sem réttlætir 0. einkunn (vígtennur sem fara í efri gómi, þ.e. **innan tanngarðs**)
- og
- vígtanna sem liggja of þétt að tannholdinu að **utanverðum tanngarði** sem þannig kann að leiða til lækkunar á einkunn (en er ekki líffærafræðilegur galli sem leiðir til 0 einkunnar)

2. Ekki hægt að dæma (EHD)

Ekki hægt að dæma (EHD) er gefið á grundvelli aðstæðna sem rekja má til sýnanda eða sem tengjast hundinum beint.

Gefa má EHD hundi sem sýndur er á þann hátt að dómari getur ekki myndað sér ákveðna skoðun á gæðum hundsins. Sem dæmi um þetta er ef augljósir annmarkar eru á sýningu hundsins (svo sem ef hundur er ekki taumvanur eða sýnir sig ekki sökum hvolpaláta) eða hundur er sýndur í lélegu ásigkomulagi (of horaður eða feitur). Sama getur átt við um hund sem hefur verið svo nýlega klipptur eða er svo ýkt snyrtur að dómari getur ekki fyllilega áttað sig á feldeiginleikum hundsins. Ennfremur geta meiðsli hunds haft þau áhrif að erfitt er að dæma hreyfingar hans.

Ábendingar:

Áhersla skal lögð á að sýningarreglur gera ráð fyrir að EHD sé gefið í **undantekningartilvikum**, en oftast er hægt að gefa hundi einkunn þótt hann sé ekki í góðu ásigkomulagi. EHD á ekki að koma í stað lélegrar einkunnar, til dæmis vegna offitu sem eyðileggur heildarásýnd og útlínur. EHD skal heldur ekki gefið í stað 0 einkunnar, nema eingöngu í þeim tilvikum þar sem kringumstæður gera það ómögulegt að dæma hundinn. **Hundur sem vegna skapgerðar er erfitt að nálgast eða ekki hægt að sýna eða skoða á venjubundinn hátt, á að hljóta 0 einkunn og fær undir engum kringumstæðum EHD.**

Það sama á við þegar dómari telur sig skynja ógnandi tilburði hunds og vill því ekki skoða hann. Dómari á ekki að þurfa að setja sig í hættu og getur ekki gefið sér að sýnandi hafi alltaf fulla stjórn á hundi þannig að hann geti afstýrt árás hans.

Ástæðu Ekki hægt að dæma (EHD) skal alltaf getið í umsögn. Þegar EHD er gefið hundi vegna ástæðna sem rekja má til hegðunar sýnanda, á að tilkynna sýningastjórn um það.

Dómara ber sjálfum að **upplýsa sýnanda munnlega** um að hundur fái 0 einkunn eða EHD og í stuttu máli gera grein fyrir ástæðunni en aldrei að rökræða við sýnanda, en getur, ef það er réttlætjanlegt, upplýst um rétt sýnanda/eiganda til að mótmæla dómi í samræmi við sýningareglur.

IV. Sérstök tilmæli til dómara um einstök hundakyn (NKU-BSI)

1. Almenn

Ýkt útlit getur leitt til alvarlegra heilsufarsvandamála fyrir hundinn og haft afleiðingar á hundakynið í heild sinni. Síauknar kröfur eru gerðar til ræktenda og samtaka þeirra um að heilsa og velferð hundsins skuli vera í forgangi.

HRFÍ hefur í samstarfi við NKU samþykkt *Sérstök tilmæli til dómara um einstök hundakyn (Breed Specific Instructions: NKU-BSI)* um áhættu á öfgum í útliti hundakynja. NKU-BSI myndar heild með gildandi ræktunarmarkmiðum. NKU-BSI er ekki viðbót við útlistun galla sem finna má í mörgum ræktunarmarkmiðum, heldur er tilgangurinn að draga athygli að áhættuþáttum í ákveðnum hundakynjum.

Grundvallarmarkmið NKU-BSI er að styðja við og hafa áhrif á sjálfbærni hreinræktunar hunda sem hvetur ekki til ýkja í útliti. Framtakið er þýðingarlaust ef sýningadómarar axla ekki ábyrgð í þessu samhengi og fylgja tegundabundnu og almennu leiðbeiningunum sem gefnar eru í NKU-BSI, með því að veita framgangi hundum sem eru framúrskarandi að heildarútliti (*excellent type*) og uppfylla kröfur um heilbrigði og heilsu.

Það eru tilmæli til allra dómara sem taka að sér að dæma á Íslandi að fylgja tilmælunum í NKU-BSI. Dómarar eru beðnir um að kynna sér vel tilmælin.

2. Notkun

Dómari á að kunna skil á NKU-BSI tilmælunum um þau hundakyn sem hann hefur fengið boð um að dæma.

Það er afar mikilvægt að dómari dæmi, á sinn hefðbundna og jákvæða hátt, á grundvelli heildarútlits og dæmigerðra eiginleika hundakynsins, en hafi hugfast að ýkjur eru skekkjur sem ógna heilbrigði og heilsu. Heilbrigður hundur og í góðu formi er ekki af frábærum ræktunargæðum ef hann er ekki líka með dæmigerð einkenni hundakynsins (*excellent type*).

Tilmælin á ekki að skoða sem viðbót við upptalningu á göllum sem eru í ræktunarmarkmiðum (að meðtöldum göllum sem eru ósættanlegir (*disqualifying*)).

Atriðin sem tiltekin eru í NKU-BSI skulu metin á venjulegan hátt í hlutfalli við umfang og alvarleika. Þau ætti ekki að tengja við fyrirfram ákveðnar gæðaeinkunnir og hið frjálsta mat dómarans gildir sem endranær, en þó að teknu tilliti til frávika sem eru hættuleg heilsu hundsins / hundkynsins. Dómarar eru sérstaklega beðnir um að hafa þessi tilteknu heilsu- og heilbrigðisatriði í huga við ákvörðun um veitingu meistaraefnis.

Liggi fyrir útlitslegar ýkjur, sem í reynd fela í sér augljóst frávik eða galla, á sem endranær að veita hundinum *0. einkunn*.

Algengir gallar í einstökum hundakynjum eru ekki tilgreindir í NKU-BSI nema þeir feli í sér augljós tengsl ýkja og óheilbrigðis.

Ætlast er til þess að dómari geti um þau atriði sem tiltekin eru í NKU-BSI í skriflegu umsögninni, einnig - og ekki síst - þegar hundur er heilbrigður um þessa áhættuþætti. Umsögn skal bera með sér hvaða áhrif ýkjurnar hafa á gæðaeinkunn hundsins.

HRFÍ getur óskað eftir því að dómari fylli út sérstakt eyðublað fyrir ákveðin hundakyn um ástand þátta sem getið er í NKU-BSI. Í þeim tilvikum skal dómara gefast kostur á að setja fram sitt eigið álit. Dómari getur jafnframt lagt til að tiltekin hundakyn verði sett á NKU-BSI listann.

Dómari er einnig hvattur til að nota skriflegu umsögnina til að benda á ýkjur í framsetningu og sýningu hunds sem gætu verið til skaða eða eru óviðeigandi og hafa neikvæð áhrif á virðingu almennings fyrir faglegum markmiðum hundasýninga.

V. Heilsufar dómara

Vanheilsa dómara getur til lengri eða skemmri tíma komið í veg fyrir að hann geti sinnt dómarastarfinu á fullnægjandi hátt. Sjúkdómur eða öldrun getur líka haft áhrif á innsýn einstaklings til að leggja mat á eigin getu og virkni.

Tilgangur hundasýninga næst einungis ef dómur er framkvæmdur á tilhlýðilegan hátt. Ætlast er til þess að dómari hafni eða segi sig frá verkefnum sem hann, heilsu sinnar vegna, getur ekki sinnt. HRFÍ getur tímabundið eða endanlega afturkallað leyfi dómara sem getur ekki framkvæmt dóm og er ekki sjálfur fær um að meta eigin hæfni. Sýningahaldarar bera ábyrgð gagnvart sýnendum sem borga sýningagjöld, að dómari sé fær um að framkvæma dóm á fullnægjandi hátt. Þeir þurfa því að fullvissa sig um að dómari sé hæfur til starfans.

Skriflegi samningurinn milli sýningahaldara og dómars hefur umtalsverða þýðingu í þessu sambandi.

Markmið og efnahagsleg umgjörð hundasýninga gera það að verkum að einstaklingar geta ekki haldið því fram að þeir eigi rétt á að mennta sig til dómara eða taka að sér verkefni sem dómara, ef viðkomandi ræður ekki við verkefnið að skoða, meta og dæma hunda á fullnægjandi hátt.

Af augljósum ástæðum geta aðstæður verið mjög viðkvæmar og réttlætanlegt getur verið að skoða nánar í einstökum tilvikum hvort tiltekinn dómari er fær um að dæma. Það er HRFÍ sem ber ábyrgð á framkvæmd slíkrar úttektar enda þótt frumkvæðið geti komið frá öðrum aðila en HRFÍ.

Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda:

- Dómari verður að geta skoðað hundana algjörlega sjálfstætt og á viðurkenndan og trúverðugan hátt. Dómari getur ekki treyst á aðstoð nærstaddra sem tækju að sér hluta af verkefni dómara.
- Dómari verður að vera líkamlega fær um að framkvæma skoðun. Hann þarf að geta staðfest sjónræna skoðun með handfjötun. Þetta felur a.m.k. í sér skoðun á útilokandi (*disqualifying*) göllum og hvernig er að nálgast hundinn.
- Hundarnir eiga ekki að þurfa að þola óvenjulega meðferð.

Af þessu leiðir að manneskja með skerta líkamsstarfsemi, sem þarf aðstoð og/eða læknisfræðileg hjálpartæki, getur ekki óþvingað og sjálfstætt talist hæf til að framkvæma dóm á þann hátt sem krafist er.

Tímabundin eða endanleg svipting dómara réttinda eru ekki refsikennd viðurlög og skulu aldrei notast sem slík.

VI. Dómararáðstefnur

Faglegar dómararáðstefnur eru mikilvægur liður í þjálfun dómara félagsins og eru þeir eindregið hvattir til þátttöku í ráðstefnum sem fjalla um hundakyn sem þeir hafa réttindi á eða eru að læra um.

Standi HRFÍ eða ræktunardeild fyrir dómararáðstefnu um hundakyn, þarf dómari með réttindi til að dæma hundakynið að hafa gilda ástæðu til að taka ekki þátt. Dómari með réttindi til að dæma hundakynið og dómari sem hefur stuðning félagsins til að bæta við sig viðkomandi kyni, eiga alltaf forgang á sæti við dómararáðstefnuna.

Ef því verður viðkomið, getur dómaranemi fengið að taka þátt á eigin kostnað.

VII. Svipting / niðurfelling dómara réttinda og veiting réttinda að nýju

Ef dómari er ekki heill heilsu, hann gerist sekur um óásættanlega framkomu í hring eða aðrar kringumstæður eiga við sem torvela möguleika hans til að dæma, getur stjórn HRFÍ svipt hann dómara réttindum, sjá jafnframt kaflann *Viðurlög*. Svipting dómara réttinda getur tekið til allra eða einstakra hundakynja sem dómari hefur rétt til að dæma.

Reglur FCI um réttindi dómara sem flytja til annarra landa, gilda um íslenska dómara.

HRFÍ getur haft frumkvæði að því að svipta dómara réttindum.

Dómari getur óskað eftir því að réttindi hans til að dæma verði felld niður.

Stjórn HRFÍ tekur ákvörðun um að svipta dómara réttindum / fella réttindi niður.

Stjórn HRFÍ getur ákveðið að veita réttindi að nýju.

VIII. Viðurlög

Ábyrgð á beitingu viðurlaga gagnvart sýningadómurum hvílir á stjórn HRFÍ. Áður skal aflað umsagnar félags sýningadómara HRFÍ, sé það starfandi.

Sýningadómara ber að fara eftir:

- Samþykktum (lögum) HRFÍ
- Sýningareglum HRFÍ
- Reglum og leiðbeiningum fyrir sýningadómara ásamt viðeigandi FCI reglum.

Dómari sem gerist brotlegur við ofangreindar reglur eða hegðar sér á þann hátt að það getur skaðað orðstýr og markmið HRFÍ getur átt yfir höfði sér að hann verði beittur viðurlögum stjórnar HRFÍ.

Viðurlög eru:

1. Skrifleg ábending
2. Skrifleg áminning
3. Útilokun í 6, 12, 18 eða 24 mánuði
4. Svipting réttinda

Stjórn HRFÍ getur líka veitt dómara munnlegt tiltal.

Skrifleg ábending

Er vægasta úrræðið og felur í sér skriflega ábendingu um brot og kröfu um úrbætur og að viðkomandi fari eftir gildandi reglum framvegis.

Skrifleg áminning

Er alvarleg áminning um að gildandi reglur hafi verið brotnar, eða að dómari hafi áður vegna sömu atriða fengið sömu ábendingu.

Útilokun

Getur verið úrræði sem beitt er meðan mál er til rannsóknar, eða þegar brot er talið svo alvarlegt að tímabundinn trúverðugleiki dómarans er ekki til staðar, eða þegar dómari hefur áður fengið áminningu. Útilokun frá dómarastörfum getur verið frá 6 mánuðum og allt að 24 mánuðum.

Útilokun getur líka verið frá frekara námi dómara.

Útilokun getur náð til hluta réttinda. Í tilfellum þar sem útilokun nær til hluta réttinda getur útilokun verið allt að 36 mánuðum.

Svipting réttinda

Á sér stað þegar dómari hefur gróflega brotið af sér og eða sýnt af sér dómgreindarskort eða skaðað traust almennings á HRFÍ eða stofnunum þess.

Ítrekun

Ítrekað brot skal að jafnaði leiða til hertra viðurlaga. Ef langt er liðið frá fyrra broti á það þó ekki að hafa áhrif á beitingu viðurlaga.

Almennt

Nákvæmni, hluttekning og réttlætiskennd verður að einkenna störf þeirra sem beita viðurlögum. Sem grundvallarreglu ber að sýkna frekar en sakfella í vafatilvikum.

Áður en til álita kemur að beita viðurlögum skal dómari alltaf hafa andmælarétt.

Dómari sem hefur verið útilokaður, má ekki dæma á sýningu.

Dómari sem hefur verið útilokaður, má ekki vera prófdómari eða gegna öðrum trúnaðarstörfum sem tengjast dómarastarfinu. Þrátt fyrir það má dómari sem hefur verið útilokaður, taka þátt á dómaraáðstefnum og halda fyrirlestra um tegund á ráðstefnum.